

## REGLUGERÐ

um (25.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um hollustuhætti  
sem varða matvæli úr dýraríkinu.

1. gr.

Á eftir 7. gr. d reglugerðarinnar kemur ný grein, 7. gr. e, svohljóðandi:  
Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. I. kafla X. þáttar III. viðauka reglugerðar nr. 853/2004/EB gildir eftir-  
farandi:

Egg skulu afhent neytendum í síðasta lagi innan 28 daga frá varpi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 25. nóvember 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Iðunn María Guðjónsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 3. desember 2024